

Við öll - íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum (2006)

Bókarhöfundur: Steingrímur J. Sigfússon

Bókarheiti: Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum

Gagnrýnandi: Róbert H. Haraldsson

Útgáfa: Salka, Reykjavík 2006, 224 bls.

AÐ STÍGA SKREFIÐ TIL FULLS

Steingrímur J. Sigfússon er þekktur fyrir rökfimi sína og staðfestu í baráttu fyrir þeim málum sem hann ber fyrir brjósti. Bókin Við öll grefur á engan hátt undan þeim orðstír. Lesendur þurfa að minnsta kosti ekki að velkjast í vafa um hjartansmál höfundar. Hann vill sem fyrr standa vörð um íslenskt velferðarsamfélag (norræna módelið), eyða fátækt og tryggja stóraukinn jöfnuð í skiptingu lífsgæða á Íslandi og jörðinni allri, vernda umhverfið og íslenska náttúru, halda Íslandi utan við Evrópusambandið og skipa okkur framarlega í flokk friðflytjenda í heiminum. Og lesendur þurfa heldur ekki að velkjast í vafa um það hverjir andstæðingar höfundar eru. Þar stendur fremst í flokki nýfrjálshyggjan með einkavæðingartrúboð sitt og áherslu á græðgiskapítalisma, ásamt með „fjármagninu“, jakkafatakörnlunum sem stýra bönkum og stórfyrirtækjum, að ógleymdum Bandaríkjum Norður-Ameríku. Skýr sýn Steingríms á hvað hann sjálfur stendur fyrir og við hverju honum hrýs hugur veitir honum sjálföryggi sem á stundum jaðrar við oflæti; hann segir um stefnumál sína að þau eigi „meira erindi við samtímamann og framtíðina en allt hitt staðnaða gössið til samans“. (218).

Á baksíðu bókarinnar segir að efni hennar sé fjölbreytilegt og hafið yfir stjórnmálaskoðanir. Þótt Við öll geymi sannarlega fjölbreytt efni tekst höfundi misvel að hefja sig upp yfir dægurþras og stjórnmálakarp. Ýmislegt af því sem Steingrímur segir um lýðræði og mannréttindi er athyglisvert og hefur almennt gildi. Sem dæmi má nefna áhugaverða umræðu hans um stjórnmálalýðræði og almennt lýðræði, og um lýðræðislega skoðanamyndun. Einnig má nefna umfjöllunina um samspil beins og óbeins lýðræðis og rök Steingríms gegn því að þetta séu andstæður. Hugmyndir Steingríms um sjálfstæða íslenska nærsvæðastefnu eru einnig yfirvegaðar og athyglisverðar. Í umræðunni um aðild Íslands að Evrópusambandinu tekst höfundi líka yfirleitt vel upp við rökræðuna. Hann viðurkennir ekki einungis að færa megi rök með aðild Íslands að Evrópusambandinu heldur reynir einnig að taka tillit til og/eða svara rökum mótherjanna. Í sumum hlutum bókarinnar nær stjórnmála- og mælskumaðurinn hins vegar yfirhöndinni. Þetta á ekki síst við í umræðunni um virkjanamál en þar er Steingrímur á kunnuglegum slóðum, tíni til allt sem mælir gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og reynir með einhliða málflutningi og stóryrðum að sýna þá stefnu í eins slæmu ljósi og mögulegt er. Niðurstaðan er ekki sannfærandi. Það er til dæmis ekki sannfærandi gagnrýni á atvinnustefnu núverandi ríkistjórnar að hún sjái enga glætu í atvinnumálum nema úrelta stóriðjustefnu. Nær hefði verið að víkka hér út hina hefðbundnu umræðu um umhverfisvernd og tengja hana betur við líf okkar allra, skoða betur hvernig umhverfisspjöll stafa af neysluvenjum og lífsháttum okkar borgaranna. Í bókinni er nær ekkert rætt um mengun af völdum bílaflotans sem er nærtækasta umhverfisvandamál margra Íslendinga. Höfundurinn hefði líka mátt ganga lengra í því að slípa klisjukennt og tilfinningahlaðið tungutak stjórnmálamannsins af bókinni, orðalag sem virkar vel á baráttufundum en er illa til þess fallið að skapa sameiginlegan umræðugrundvöll. Fara hefði mátt með blákrítinni yfir orð eins og græðgiskapítalismi, gróðafyrirtæki, jakkafatarlar, gróðapungaviðskipti og skattalækkunarherkostnaður.

Þessar aðfinnslur breyta þó engu um þá staðreynd að Steingrímur hefur með bók sinni stigið stór skref í þá átt að skapa umræðugrundvöll, vettvang þangað sem „þeir sem nenna og vilja [geta] sótt hugmyndir og rök til að byggja á eða andmæla eftir atvikum“. (19). Skref sem óvíst er að margir íslenskir stjórnmálamenn geti leikið eftir.

Eitt af því sem ég hefði áhuga á að rökræða nánar við höfundinn er togstreita sem mér virðist vera á milli nokkurra ólíkra þema í bókinni. Skoðum eitt dæmi. Í gagnrýnum hluta bókarinnar, einkum gagnrýninni á núverandi ríkisstjórn, dregur Steingrímur upp dökka mynd af ástandinu hér á landi. Þar leggur hann ríka áherslu á fátækt á Íslandi, bága stöðu aldraðra, vaxandi misskiptingu auðs, kynbundinn launamun, umhverfisvanda og eyðileggingu íslenskrar náttúru o.s.frv. Svo römm er gagnrýnin á köflum að Steingrímur sér sig knúinn til að nefna og hafna þeirri skoðun að í bók hans „sé dregin upp óheyrliga dökk mynd af ástandinu, að niðurbrotinn bölsýnismaður, bugaður á sál og líkama, hljóti að halda um pennann“. (196). Í öðrum hlutum bókarinnar dregur Steingrímur hins vegar upp talsvert aðra mynd þegar hann bregst til varnar velferðarsamfélögum Norðurlanda – „[h]vergi í heiminum er betra að búa, hvergi er betra að ala upp börn, hvergi er betra að lífa lífinu og hvergi er betra að verða gamall heldur en í norrænu velferðarsamfélagnum“ (200) – og einnig þegar hann lýsir

stöðu Evrópuríkja utan Evrópusambandsins (Noregur, Sviss, Ísland) en þau „verma nú um stundir iðulega efstu sætin á hvers kyns samanburðarlistum“. (158). Merkis þessarar togstreitu sér víða stað í bókinni. Á einum stað skrifar höfundur:

Það kostar kjark að koma þeim skilaboðum til forréttindastétta Vesturlanda þannig að þeim skiljist að sjálfsselska þeirra, græðgi og skeytingarleysi um fátæka meðbræður er ósiðleg og óverjandi afstaða eða hegðun. (198)

Togstreitan birtist hér ef við innum höfundinn eftir því hver þessi svokallaða forréttindastétt Vesturlanda (Íslands) sé. Hefðbundið svar róttæks vinstrimanns fælist í því að vísa til græðgiskapitalista, milljarðamæringa, jakkafataklæddra bankamanna o.s.frv. Við hittum Steingrím æði oft í þessum ham í bókinni. En forréttindastéttin hefur stækkað á Íslandi og samkvæmt ofangreindri tilvitnun virðumst við öll, eða flest, tilheyra forréttindastéttinni, að minnsta kosti ef við berum okkur saman við fátæka meðbræður í öðrum heimshlutum. Mörg af þeim vandamálum sem Steingrímur ræðir í bókinni, ekki síst þau sem snerta umhverfisvá, eiga rætur að rekja til neysluháttanna okkar Vesturlandabúa en ekki stjórnenda stórfyrirtækja eða jakkafataklæddra verðbréfabraskara. Tímarnir hafa breyst. Á nokkrum stöðum í bókinni virðist Steingrímur klárlega ætla að takast á við þennan nýja og flókna vanda sem hlýst af því sem hann nefnir neysluæði Vesturlandabúa. Hér hefði ég mikinn áhuga á að sjá hvernig Steingrímur hyggst þróa áfram hinn gagnrýna hluta róttækrar vinstristefnu. Gagnrýni sem beinist ekki að fyrirframskilgreindum óvinum („the usual suspects“) heldur að góðu, velmeinandi, harðduglegu fólki sem hefur gersamlega misst sig í neyslukapphlaupi og lifir fyrir bragðið innihaldslausu lífi. Mér virðist sú afstaða að vísu algeng nú um stundir að hlífa eigi slíku fólki (okkur) við allri gagnrýni. En ég tel að við eigum að vera óhrædd við að gagnrýna og fá á okkur gagnrýni. Steingrímur virðist sömu skoðunar. Hann bendir á að í umhverfismálum verði menn „að þora að stíga skrefið til fulls. Slík barátta er róttæk í eðli sínu.“ (124-125). Eftir að hafa lesið bókina Við öll finnst mér hins vegar sem Steingrímur eigi enn eftir að skilgreina hvað felst í því að stíga skrefið til fulls til að geta stigið það.